

Pési



Lesið þetta

- Samgöngubætur
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Menningarráð
- Fundir

Næsti Pési kemur út 13. mars. Skil á efni er 10. mars

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Söng- skemmtun	11
Skúli	13
Sprotu- hugmynd	15
SS fundur	17

Febr 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 224. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Heilsuþorpshugmyndir í fullum gangi

Enn er unnið að framvindu hugmynda um heilsuþorp í landi Laxárhlíðar og Grafar. Fátt er annað að fréttá en að forvígismenn hugmyndanna vinna að stofnun hlutafélags. Skipulagsvinna er í fullum gangi og eins og áður hefur komið fram var talað um að undirbúningsvinnan gæti tekið allt að tveimur árum. Víst er að hugmyndirnar eru spennandi og passa vel inni hugmyndir manna um ímynd samfélagsins hér í hreppnum. Ef af verður sem við treystum og vonum mun atvinnuflóran í hreppnum verða fjölbreyttari og mannlífið enn alþjóðlegra en nú er, þó ekki þurfi að kvarta undan einsleitni í þeim efnum.



Nemendur við vinnu í tölvuveri Flúðaskóla

Ljós: SigSigm



Úr Límtrésverksmiðjunni á Flúðum

Ljós: SigSigm

Samgöngubætur

Það eru mikil gleðitíðindi að nú bendir allt til þess að ný brú yfir Hvítá við Bræðratungu verði að veruleika. Þetta er gamalt baráttumál sveitarstjórnarmanna hér í Uppsveitum og þingmanna Suðurlands og Suðurkjördæmis og reyndar flestra íbúa á svæðinu. Brúin yfir Hvítá var alveg að komast á koppinn þegar Suðurlandsskjalftarnir riðu yfir árið 2000 en í framhaldi af þeim náttúruhamförum var ákveðið að ný Þjórsárbrú yrði byggð á undan Hvítárbrúnni. Einnig virðist í burðarliðnum brú yfir Þjórsá við Árnes og tengjast þá saman uppsveitir Árnassýslu og Rangárvallasýslu. Hér verður um mikla byltingu að ræða ekki einungis fyrir íbúa á þessu svæði, hvað atvinnuþátttöku og önnur samskipti varðar, heldur einnig fyrir ferðamennsku og ferðaþjónustu á svæðinu. Bættar samgöngur eru ein af helstu undirstöðum búsetu á Íslandi. Á síðasta ári var unnið að miklum samgöngubótum hér í sveit bæði á Skerslum og einnig við Syðra-Langholt. Bættar samgöngur kalla einnig á áframhaldandi uppbyggingu gömlu veganna hér í sveitinni. Þannig er gríðarleg umferð undir Langholtsfjalli og einnig um Hrunaveg og vegirnir upp í Laugakrók, Kaldbak og Sólheima verða oft útundan sem og Auðsholtsvegurinn. Samgöngunefnd og hreppsnefnd hafa oft fjallað um þetta mál. Oddviti og sveitarstjóri hafa átt marga fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna þessa og við treystum því að dropinn holi steininn, þannig að áframhaldandi vegaframkvæmdir komist á vegaáætlun. Þá er enn unnið að því að Bakkatúnsvegur í Flúðahverfinu verði að veruleika en hann er eins og oft hefur komið forsenda þess að hægt verði að byggja íbúðir fyrir aldraða í landi Grafarbakka. Samþykkt hefur verið fjármagn til þessarar vegagerðar að hálfu Alþingis og Vegagerðarinnar. Hreppsnefnd hefur samþykkt að hluti af því landi sem fer undir veginn fari í svokallað eignarnám og vinnur Helgi Jóhannesson lögfræðingur að því máli f.h. hreppsins. Bakkatúnsvegur opnar einnig nýja möguleika á byggingarlandi í þéttbýlinu á Flúðum um leið og hann tengir saman byggðirnar. Víst er að þrátt fyrir hrun efnahagslífsins á Íslandi getum við glaðst yfir þeim framkvæmdum sem tengjast samgöngubótunum. Þá eru viðræður við ÁTVR á lokastigi varðandi opnun vínbúðar á Flúðum. Heilsuþorpshugmyndir þokast áfram og forsvarsmenn Byggðar á Bríkum vinna áfram að hugmyndum sínum um nýtt íbúðahverfi í landi Sunnuhlíðar. Þá er ótaldar vangaveltur um nýtingu jarðvarma í hreppnum. Lífið heldur áfram þrátt fyrir erfiða tíma og svartskýni margra. Víst er að hér í hreppnum eru fjölmargir möguleikar sem við þurfum að horfa á og nýta okkur.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri

Sprellifandi uppeldisstofnun

Óhætt er að segja að sprellifandi starf sé á leikskólanum okkar. Föstudaginn 6. febrúar var svokallaður opinn dagur á leikskólanum, dagur leikskólans. Börnin á leikskólanum Undralandi voru með málverkasýningu í anddyri verslunarinnar Strax og er óhætt að segja að margur listamaðurinn leynist í leikskólanum. Þau vinna líka í ull. Við athöfnina sungu börnin og starfsmenn leikskólans stýrðu þessu öllu af miklum myndarskap. Í upphafi þorra var þorablót í leikskólanum og einnig kalladagur. Allt er þetta til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka. Atburðir sem þessir lífga heldur betur uppá skammdegið sem fer að víkja fyrir aukinni birtu og vonandi betri tíð.

Sjúkraþjálfarar

Það er gaman af því að fylgjast með unga fólkinu okkar og velta fyrir sér hvar áhugamál þeirra liggja, hvort heldur er í menntun eða starfi. Það er merkilegt að sex gamlir nemendur Flúðaskóla hafa valið sér að læra sjúkraþjálfun og stunda nám í þessari mikilvægu grein. Þessi ungmenni eru: Rúnar Pálmarsson, íþróttakennari sem er á þriðja ári í námi sem sjúkraþjálfari. Hins vegar eru þau Atli Gunnarsson, Túnsbergi, Bjarki Eiríksson Silfurtúni, Sigfríð Lárusdóttir Reykjaflöt, Ösp Jóhannsdóttir Flúðum og nágrenni okkar Stefán Magni Árnason Blesastöðum, öll á fyrsta ári í námi sínu til sjúkraþjálfara. Ef hið umrædda heilsuþorp nær að rísa á Flúðum verðum nóg að gera þar og tækifæri fyrir unga fólkið. Við óskum þeim gæfu og gengis í námi og starfi.

Firmakeppni

Það er fríður flokkur manna og kvenna sem spilar bridds hér í hreppnum og í nágrannasveitarfélögunum. Á ári hverju er haldin firmakeppni og að þessu sinni gekk stofnunum sveitarfélagsins einstaklega vel. Karl Gunnlaugsson sem er annálaður briddsspilari kom færandi hendi með þrjá verðlaunagripa sem eru til sýnis á skrifstofu hreppsins. Einn gripurinn er merktur Flúðaskóla en Karl varð einmitt sigurvegari fyrir skólans hönd. Þá vann lækurinn okkar Pétur Skarphéðinsson bikar f.h. Hitaveitu Flúða og Jóhannes Sigmundsson sigraði f.h. Brunavarna Hrunamannahrepps. Allir þessir karlar eru einnig meðal „efnilegustu“ golfleikara landsins. Ekki amaleg þrenning þetta, hvort heldur horft er til spilamennsku eða stofnananna.

100 tonn af plasti safnað

Tómas Þórir Jónsson sem er verktaki okkar í sorphreinsun er nákvæmur maður með afbrigðum og sinnir starfi sínu af kostgæfni. Hann hefur safnað um 100 tonnum af plasti í Hrunamannahreppi og í nágrennasveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tómas telur að aðeins um 2 tonn séu nánast ónothæf þar sem plastið hefur lent í flór, mold eða keyrt hefur verið yfir það. Hins vegar eigum við að stefna að því að allt plast verði nothæft til endurvinnslu. Við viljum einnig benda hestamönnum og öðrum skepnuhöldurum, sem enn hafa ekki fengið fiskikör undir plastið, að nýta sér það og henda því ekki í gáma. Stórsökkir henta einnig vel undir plastið.

Söngskemmtun og gleðistund á Flúðum

Nú æfa kórarnir okkar hver sem betur getur. Haft er að orði að þeir hafa víst sjaldan verið betri en nú, enda er talað um að í kreppu fari menn að uppgötva önnur gildi og hin huglægu gildi fá meiri vigt en hin efnislegu. Karlakór Hreppamanna gengst fyrir mikilli söngskemmtun laugardaginn 21. febrúar n.k. kl. 20.30. Karlakórinn verður ekki einn á ferð því gestakórar verða Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps og Karlakór Kjalnesinga. Efnisskrá verður fjölbreytt m.a. munu kórarnir syngja saman nokkur lög. Að vanda stýrir Edit Molnár sínum mönnum og hinn fingralipri eiginmaður hennar Miklos Dalmay slær slaghörpuna. Nýr formaður kórsins er stórbóndinn á Hrafnkelsstöðum, Aðalsteinn Þorgeirsson og fer hann vel af stað enda ekki við öðru að búast.

Vínbúð ÁTVR á næsta leyti

Allt bendir til þess að skrifað verði undir leigusamning ÁTVR vegna leigu á Akurgerðis 4 í þessum mánuði. Fulltrúar fyrirtækisins hafa komið hér nokkrum sinnum til þess að skoða aðstæður. Forstjórinn boðaði á dögnum fund á Kaffi Grund og hitti þá eina virkustu neftóbaksmenn hreppsins þ.a.m. formann landbúnaðarnefndar Þorstein í Haukholtum sem spurði margra spurninga varðandi neftóbakið. Fram kom m.a. að Íslendingar taka um 20 tonn í nefið á ári – fyrr má nú aldeilis fyrr vera. Ekki fylgdi sögunni hvort Hrunamenn væru yfir eða undir landsmeðaltali hvað neftóbaksnotkun snerti. Ekki var farið út í nákvæmar vangaveltur hvar við stæðum í landsmeðaltalinu hvað víndrykkju varðaði. Alltént hafa verið mörg hressileg og skemmtileg afmæli hér að undanförunu – svo ekki sé talað um þorablót sem haldið var nýlega. Framundan er hið rómaða hjónaball þannig að allt bendir til þess að við séum rétt yfir landsmeðaltalinu nú um stundir. Það er hugsanlegt að við náum jafnvægi í þessum efnum þegar líða tekur að vori.

Loksins brú við Bræðratungu yfir Hvítá.

Allt bendir til þess að gamall draumur margra Uppsveitarmanna og reyndar fleiri verði að veruleika áður en langt um líður. Því ákveðið hefur verið að byggja brú yfir Hvítá við Bræðratungu. Á hreppsnefndarfundi var samþykkt framkvæmdaleyfi vegna brúargerðarinnar. Einnig er í deiglu að byggja brú við Árnes yfir Þjórsá og þannig tengjast uppsveitir Árnessýslu, uppsveitum Rangárpings. Þetta eru verulega spennandi verkefni. Eins og alltaf velta menn fyrir sér hvort ekki hefði verið nær að nýta þessa peninga í t.d. veginn við Langholsfjall sem er barn síns tíma og stenst engan veginn þá miklu umferð sem um hann fer. Brúarsmiðarnar verða væntanlega teknar út úr svokölluðum stórverkefnasjóði og hafa því engin áhrif á aðra þætti vegagerðarinnar. Við gleðjumst yfir þessum mannvirkjum sem eiga eftir að hafa verulega áhrif á búsetu og atvinnuhætti á þessu svæði.

Orkuboltar í heimsókn

Í vikunni voru hér fulltrúar ÍSOR, Íslenskra orkurannsóknna. Þeir voru hér fyrst og fremst til skrafs og ráðagerðar. Mikil umræða er um nýtingu þeirrar miklu jarðorku sem hér er í iðrum jarðar. Á þessu stigi málsins er einungis um að ræða framhaldsvinnu vegna orkunýtingarkorta sem gerð hafa verið hér. Mikið er rætt um sjálfbærni á sem flestum sviðum þannig að við getum nýtt og búið að þeirri orku sem hér er að finna.

Félagsmiðstöðin fer vel af stað

Félagsmiðstöðin sem er samvinnuverkefni Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer vel af stað. Ábyrgðin og frumkvæðið að verkefninu kemur frá unga fólkinu í hreppunum. Sóknarpresturinn okkar og skólustjórinn áttu sinn þátt í að ýta þessum hugmyndum úr vör ásamt áhugasömu ungu fólki. Jón Hjalti Sigurðsson hefur verið stoð og stytta unga fólksins ásamt Önnu Ásmundsdóttur. Vonandi verður þessi tilraun öllum til gagns og þroska en margar skemmtilegar hugmyndir eru að kvikna um uppákomur þ.a.m. sönglagakeppni sem væntanlega fer fram í Félagsheimilinu Árnesi. Hér eru jákvæðir „útrásarvíkingar“ á ferð sem munu stýra þessum sveitarfélögum áður en við verður litið!

Stórhuga oddviti

Oddvitinn okkar Sigurður Ingi Jóhannsson hefur ákveðið að bjóða sig fram til forystu fyrir Framsóknarflokkinn í Suðurkjördæmi í komandi kosningum til Alþingis. Oddvitinn tilkynnti þetta á hreppsnefndarfundum til Alþingis. Oddvitinn tilkynnti þetta á hreppsnefndarfundum til Alþingis. Oddvitinn tilkynnti þetta á hreppsnefndarfundum til Alþingis. Nú spyrja menn sig hvort Sigurður Ingi hafi smitast af hinni pólitísku veiru, sem grasseraði um ártugaskeið í sveitarstjórnnum, en hann ratar vel um vistarverur Alþingis.

Hjónaballið nálgast

Hjálmar húsverður í íspróttahúsinu gleðst mjög yfir því hve þrekaðstaðan er vel sótt þessa dagana. Hann er maður glöggur enda Vestfirðingur í húð og hár. Hann telur að þessi góða aðsókn stafi m.a. af því að nú nálgast hið margfræga hjónaball sem haldið verður 7. mars n.k. Karlar og konur eru í óða önn að koma sér í gott form ekki bara til þess að komast í síðkjólana og smókinginn heldur líka til þess að geta stigið villtan dans þegar þar að kemur. Nú er um að gera að halda átakanu áfram „því vorið er komið víst á ný“ og þá getur verið gott að geta hlaupið á fjöll til að hlaupa af sér hornin, eða jafnvel ístruna!

Líf og fjör í ferðþjónustunni

Að undanförunu hefur verið óvenju líflegt á Hótel Flúðum. Oft hefur þessi tími verið mjög daufur og lítið um gesti. Hins vegar hefur verið heilmikið að gera að undanförunu og að sögn hótélstjóranna hefur febrúar aldrei verið jafn blómlegur og einmitt nú og mikið að gera framundan. Það er gott til þess að vita. Hóтелиð er annálað fyrir góðan mat og þjónustu

Sýningin hans Sigga

Fréttaritarinn okkar og ljósmyndarinn, Sigurður Sigmundsson tók sig vel út í sjónvarpsfréttunum um daginn. Magnús Hlynur ræddi við Sigurð um ljósmyndasýningu hans sem er í fullum gangi í Skálholti um þessar mundir. Einhver af hinum þaulsetnu fréttapyrstu mönnum í talhorninu í versluninni Strax hafði að orði að engu líkara væri en að Sigurður væri að fara í framboð fyrir alþingiskosningarnar, svo vel og virðulega tók hann sig út á skjánum. Hver veit? Lesendur Pésans eru eindregið hvattir til þess að skoða sýninguna, en Sigurður er einn af velunnurum Pésans og í seinni tíð má nánast finna myndir eftir Sigurð í hverju blaði. Við óskum Sigurði til hamingju með sýninguna!

Fjárhagsáætlanir afgreiddar

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Skoða má áætlunina inná heimasíðu hreppsins <http://www.fludir.is>. Einnig hefur þriggja ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2010-2012 verið lögð fram og samþykkt en það gerðist á síðasta fundi hreppsnefndar þann 11. febrúar s.l. Í því árferði sem nú er afar erfitt að gera áætlanir fram í tímann en allir þeir sem aðstoðað hafa okkur við þessa vinnu, sem er ærin, er þakkað. Við vonum að sjálfsögðu að jafnvægi náist sem fyrst í efnahagsmálum Íslendinga en efnahagsástandið hefur mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga landsins.

Átaksveitunni miðar áfram

Um síðustu áramót tók Hitaveita Flúða yfir svokallaða Átaksveitu sem var sameiginleg veita nokkurra býla í Hrunamannahreppi og Gnúpverjahreppi. Unnið hefur verið að lagningu veitunnar að Hruna og ef allt fer að skilum verður verkinu haldið áfram með vorinu. Þannig mun t.d. býli eins og Sólheimar tengjast þessari nýju veitu auk nokkurra býla í Gnúpverjahreppi s.s. Laxárdals o.fl. Líklegt er að framtíðin verði sú að Hitaveita Flúða yfirtaki fleiri veitur í hreppnum, sérstaklega þegar kemur að því að endurnýja lagnir eldri hitaveita. Þetta er í rauninni eðlileg þróun en aldrei gerð nema í sátt eigenda veitnanna. Í tilfelli Átaksveitunnar kom ósk frá þeim um að Hitaveitan yfirtæki reksturinn en þeir sem tengjast veitunni greiða nær allan stofnkostnað vegna þessa.

Flugeldasýning 2009

Eins og flestir vita var haldin glæsileg flugeldasýning á þrettándanum, sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins og vonum að þið beinið viðskiptum ykkar til viðkomandi aðila.

Flugeldasýning 2009 var í boði eftirtalinna:

Búnaðarfélag Hrunamanna, Hrunamannahreppur Nesey, Gröfutækni, Landstólpi, Fjallaraf, Pizzavagninn, Góðir hálsar, Kristín og Þorbjörn, Plast og Suða, Kaffi – Sel, Stefán og Sigrún, Hitaveita Flúða, Emil Kristófersson, Samkaup Strax Vinnuvélar Úlfars Harðarsonar, Gistiheimilið Syðra-Langholti, Flúðafiskur Flúðaleið, Hús og Stígar Hnúkur, Veitandi, Bm Vallá.

Einnig viljum við þakka **Gistiheimilinu Grund** kærlega fyrir góðan stuðning.

Með von um gott og slysaust á
Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Skúli

Meningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki á grunni samnings sveitarfélaga á Suðurlandi og Menntamálaráðuneytis og Samgönguráðuneytis um menningarmál

Við styrkúthlutun 2009 verður litið sérstaklega til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Að öðru leyti gilda sömu reglur og við fyrri úthlutanir.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag.

Meningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2009. Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í apríl 2009. Úthlutað verður bara einu sinni árið 2009.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs www.sunnanmenning.is. Hér er einnig að finna stefnu sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum og úthlutunarreglur.


Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is. Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum. Dagsetningar verða tilkynntar á hverjum stað og á heimasíðu Menningarráðs, www.sunnanmenning.is.

Umsóknir skal senda, í tölvupósti á menning@sudurland.is eða í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss.

Meningarráð heldur

Málþing um menningartengda ferðaþjónustu

í Árnesi **12. mars nk. kl. 10:00-17:00.** Dagskrá er í vinnslu. Í tengslum við málþingið verður haldið markaðstorg menningarferðaþjónustu á Suðurlandi. Þátttaka á markaðstorgi er öllum opin og kostnaðarlaus. Skráning hjá menningarfulltrúa menning@sudurland.is eða í síma 480-8207 / 896-7511



**Fundur um skráningu á slóðum/vegum á
afreйти Hrunamannahrepps verður haldinn
í Félagsheimili Hrunamanna
mánudaginn 23. febrúar kl 20:30.
Hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta.**

Þann 2. desember síðastliðinn fundaði starfshópur um utan vega akstur, með fulltrúum Hrunamannahrepps. Starfshópur þessi samanstendur af fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Umhverfisstofnun, Landmælingum Íslands og Vegagerðinni.

Kynntar voru hugmyndir starfshópsins og farið yfir kort þar sem búið var að setja inn eitthvað af slóðum á afreittinum. Verkefni sveitarfélagsins er nú að fara yfir kortið og ákveða hvaða slóða við viljum hafa opna, hvaða slóða við viljum loka og hvað slóða við viljum hafa tímabundna opnun á. Tillögum um það þurfum við að skila inn fyrir lok febrúar.

Að fengnum tillögum hjá sveitarfélagnum verða merkingar settar á vegi, í kort og á korta grunna. Nauðsynlegt er að sem flestir komi að ákvarðana-töku vegna þessa.

Starfshópur þessi var skipaður til að gera tillögur um hvaða vegir og slóðar í óbyggðum skuli teljast til vega með hliðsjón af afdráttarlausu ákvæði um bann við akstri utan vega í náttúruverndarlögum. Þetta er liður í viðleitni ráðuneytisins til að stemma stigu við akstri utan vega. Starfshópurinn mun skoða kort af slóðunum og meta hverjum má halda opnum fyrir umferð og hverjum skal loka af náttúruverndarástæðum. Akstur utan vega er bannaður samkvæmt náttúruverndarlögum, en erfitt hefur verið í raun að taka á sumum brotum þegar menn aka á slóðum í óbyggðum og telja sig vera á leyfilegum öku-leiðum.

Til upplýsinga er hér:

1. Slóðin á reglugerð um akstur í náttúru Íslands:
<http://reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/aa0d47377abc97-7400256a090053ff91/56dbb89b15232dff0025701c005a94a9?OpenDocument>

**Söngskemmtun í
Félagsheimili Hrunamanna
laugardagskvöldið 21. febrúar
kl: 20,30**

**Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps
Karлакór Kjalnesinga og
Karлакór Hreppamanna**
*Aðgangseyrir 1,500 krónur
Konfekt fyrir eyru og augu J*

Karлакór Hreppamanna

Leikfélag Selfoss æfir Sjóræningjaprinsessuna

Æfingar standa nú yfir hjá Leikfélagi Selfoss á nýju íslensku barnaleikriti sem hlotið hefur nafnið Sjóræningjaprinsessan. Höfundur og leikstjóri er Ármann Guðmundsson en hann semur einnig tónlist verksins ásamt Guðmundi Svafarsyni. Sýnt verður í Litla leikhúsinu við Sigtún og frumsýning er áætluð 20. febrúar.

Leikritið segir frá Soffíu sem alist hefur upp á hafnarknæpunni Sporðlausu hafmeyjunni eftir að hún birtist þar með voveiflegum hætti ásamt dularfullum kistli þegar hún var ungabarn. Þegar tveir skuggalegir næturgestir birtast og ræna kistlinum ákveður Soffía að taka málin í eigin hendur og sanna í leiðinni að hún sé hin eina sanna sjóræningjaprinsessa.

Alls taka um 20 leikarar þátt í sýningunni auk fjögurra hljóðfæraleikara.



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Ætlar þú á hjónaballið ?



Viltu ekki verða finni á hjónaballinu ?

Býð upp á ódýra naglaásetningu

og naglasnyrtingu.

Verð í Félagsheimilinu á Flúðum

4-6 mars 2009 ef næg þáttaka fæst.

Pantið tímanlega—Hlakka til að sjá þig

Kristrún Jónsdóttir

LCN Naglafræðingur

Sími 846-9284

Hóþbjálfun

Ég er með laust í þjálfun hjá mér í tækjasalnum á sunnudögum

13:00-14:00 konupúl

14:00-15:00 konupúl

15:00-16:00 karlapúl

Hámark sex í hverjum hóp og það er vel tekið á því! Þá er kennsla á tækin ásamt prógrammi sem hentar hverjum og einum.

Mælingar og þolpróf á 4 vikna fresti

Matarráðgjöf

Nú er um að gera að drífa sig af stað og koma sér í form fyrir sumarið

Áhugasamir hafið samband í síma 861-2686 eða á netfangið frejfanndal@hotmail.com

Freyja Fanndal Sigurjónsdóttir

IAK Einkabjálafari



Unglingadeildin Skúli – Inntaka nýrra félaga.

Sunnudaginn 15.febrúar kl 14:00 ætlan unglingadeildin Skúli að taka inn nýja félaga. Þeir sem eru fæddir 1995 (8.bekkur) til 1991 (18 ára) geta gerst meðlimir.

Fundurinn verður haldinn í húsi Björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum og eru foreldrar velkomnir með til að skoða aðstöðu og starfsemi.

Allar nánari upplýsingar er hægt að skoða á vefsíðu deildarinnar

<http://ud-skuli.blogcentral.is/>

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Sprotu hugmynda smiðja!

Verið er að hanna og smíða sláttuvéla kerru að Mýrarstíg 7 hér í sveit. Smiði og vinna við verkið gengur vel, þar sem eigandi hefur unnið við verkið myrkranna á milli (10-2). Kerra þessi á að vera sturtu kerra, sem hægt á að vera að aka uppá. Nú er komið að því að búa til sturtubúnaðinn upp-niður. Hefur því verið ákveðið að efna til! Hugmyndagræðlings um verkið. Þeir, sem hafa hugmyndir og verksvit skulu skila inn tillögum í formi skiljanlegs riss eða modeli. Skilyrði eru að á krepputímum séu notaðir endurunnir íhlutir og fylgt gjörnyttistefnu, sem þekkt er meðal góðra búmanna. Verklýsingu ber að sækja á Mýrarstíg 7 í formi heilarits flesta daga. Verðlaun verða 1.wiskyflaska, sem verður drukkin af vinningshafa og 3. manna dómnefnd á vinnustað. Skila frestur er fyrir útgáfu næsta Pésa (1. mars). Úrslit græðlingsins verða kynnt síðar.

ÖRN



Wi-max –internetsambönd á Suðurlandi.

Er kominn tími, hjá þér, til að tengast internetveitu Ábótans ehf með Wi-Maxi? Inernetið verður annað og betra, rennur á úthlutuð tíðnisviði. Úr turnháu mastri á Langholtsfjalli er horft til þín. Frekari upplýsingar á www.abotinn.is eða í síma 481 2258.

Veldu Wi-Max – www.abotinn.is

Takk fyrir okkur.

Við krakkarnir í 9. bekk Flúðaskóla viljum senda ykkur öllum góðar kveðjur og

þökkum ykkur fyrir hvað þið hafið alltaf tekið vel á móti okkur þegar við höfum verið að safna og /eða selja til fjáröflunar fyrir fyrirhugaða Danmerkurferð bekkjarins nk. haust. Verðum næst á ferðinni að safna flöskum og dósum fljótlega eftir páska. Ef að þið viljið losna við flöskur/dósur eitthvað fyrr, getið þið haft samband við okkur krakkana ,

Öddu Sigu Miðfelli eða Arnfríði Dalbæ.

Takk kærlega fyrir okkur,

9. bekkur Flúðaskóla.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk
til starfa í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunarstjóri
á staðnum.**

Járningataska í óskilum!!! S: 893 8835 og 486 6615

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	16:00-21:00
Laugardaga:	10:00-18:00
Sunnudaga:	13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Hringdu og fáðu frían
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

siljal@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665.**

Ingá Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Fundarboð

Hinn árlegi deildarfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir Skeiða og Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp, verður haldinn að Brautarholti miðvikudaginn 25. febrúar nk. kl. 21:00.

Steinþór Skúlason mun segja okkur frá málum félagsins og svara spurningum.

Skorað er á félagsmenn að mæta vel

Veitingar í boði SS

Með kveðju deildarstjóri

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Bridgefélagar í heimsókn hjá Önnu á Blesastöðum, en Anna verður 95 ára þann 5.mars nk



Sjálfbóðaliðar að störfum í reiðhöllinni sl.mánudagskvöld,en 22 sjálfbóðaliðar mættu Ljósm.SigSigm



Frá minningarskáknoti Halldórs Gestssonar í Flúðaskóla

Ljósm. SigSigm

